

Stuðboltarnir
2. fundur
Nemendafulltrúaráð 7. – 10. bekkja
Fundur 14. nóvember 2018

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á annan fund vetrarins og byrjuðum við á að rifja upp hvert hlutverk okkar er sem Stuðboltar. Fundurinn gekk vel og voru eftirfarandi mál á dagskrá:

2. Hvað finnst nemendum um að friðargangan sé hætt? Sakna þau þess að hafa viðburð sem þennan? Myndu þau vilja að eitthvað annað kæmi í staðinn og þá hvað?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Gott að hún sé hætt
- Leiðinlegt að hún sé hætt
- Væri gott ef 10. bekkur færi bara saman í eigin göngu
- Hafa frekar dag þar sem allir koma saman á sal og hafa skemmtiatriði, t.d Sveppa og Villa
- Fá Hópsskóla til okkar og spila eða horfa á mynd
- Hitta aftur vinabekkina okkar og föndra saman
- Snjóbolta stríð úti og fara svo inn saman og fá kakó og smákökur

- Sakna þess að hitta ekki leikskólabörnin væri gaman að fá að fara til þeirra í heimsókn og gera eitthvað með þeim
- Fá litlu krakkana til okkar og horfa á mynd með þeim
- Vekja upp friðargönguna eins og hún var

3. Eru nemendur ánægðir með fyrirkomulag litlu jólanna eða hafa þau einhverjar hugmyndir um nýjungar:

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Sleppa því að dansa í kringum jólatréð
- Ánægja með litlujólin eins og þau eru, hafa þau óbreytt
- Sleppa því að lesa jólasögu
- Hafa mikið skreytta glugga
- Halda jólakortunum áfram
- Veita verðlaun fyrir flottasta póstkassann
- Gaman að gefa gjafir en það er ekkert hægt að kaupa fyrir upphæðina sem hefur verið, nauðsynlegt að hækka hana upp í 1.300 kr.

- Slökkva öll ljósín á litlu jólunum og hafa bara kerti
- Hafa það þannig að hver árgangur verði með atriði, syngi jólalag fyrir hina
- Fá nýjan söngvara til að koma og spila og syngja
- Hafa ný jólalög til að hlusta á, ekki þessi gömlu barnalög
- Fá stærra jólatré
- Hafa jólahlaðborð kl: 19:00
- Hafa jóladagatöl með nammi í, ekki einhverju til að gera
- Spila og horfa saman á Shrek

4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Fá innanhúsfótbolta – halda þannig mót með litlum mörkum
- Unglingastig mætir klukkan 9 í skólann í desember, mjög erfitt að vakna þegar það er svona dimmt
- Fá stærra stofur
- Hafa snjóstríð á milli bekkja
- Vilja hafa fast 2x 60 mínútur í íþróttum á viku
- Hafa valið á morgnanna en ekki eftir hádegi
- Meira svigrúm í vali, mætti vera hægt að breyta
- Fá gamla valið aftur

- Meira úrval af valáföngum
- Valáfangar margir hverjir leiðinlegir
- Fá betri stóla
- Laga mörkin á sparkvellingum
- Fá betri körfuboltavöll
- 10. bekkingar ættu að fá að sleppa því að lesa upphátt fyrir kennara
- Sleppa upplestrarkeppninni
- Hafa val hvort maður fer í tvo íþróttatíma á viku eða taki annan sem hreyfival
- Stuðboltar sjái sjálfir um að koma með veitingar (kannski með hjálp Rögnu?) á lokafund
Stuðbolta og að það verði ekki takmarkað hvað maður má fá sér mikið
- Laga þarf netið í skólanum
- Fortnite LAN
- Mætti 7. bekkur ekki fá að vera áfram á litlu jólunum þegar að tónlistaratriðin eru?
- Væri hægt að hafa meiri fjölbreytni varðandi matinn?

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Friður Garðarsdóttir